

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

6. september 2021 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður, Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Sigrún Pálsdóttir (varamaður Jakobs S. Jónssonar), Harpa Björnsdóttir meðstjórnandi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Guðný Emilsdóttir varamaður tók þátt í gegnum fjarfundakerfið Zoom.

Hjörtur Howser varamaður svaraði ekki fundarboði.

Gengið til boðaðrar dagskrár, en efnið er aðeins eitt:

**Úrsögn Jakobs S. Jónssonar** þann 23. 8. úr stjórn, trúnaðarráði og kjaranefnd Leiðsagnar.

Í bréfi sem JSJ sendi stjórn og trúnaðarráði dags. 4.9. 2021 óskar hann eftir því að draga úrsögn sína til baka og undirstrikar að ekki sé neinn málefnalegur ágreiningur milli hans og annarra stjórnarmanna. Viðurkennir JSJ að ef til vill hafi viðbrögð hans við skoðanaágreiningu verið of snögg í ljósi aðstæðna, og þar sem margir hafi farið þess á leit við hann að draga afsögn sína til baka segist hann hafa endurskoðað hug sinn. Er hann reiðubúinn til þess að draga afsögn sína til baka, fallist stjórn og trúnaðarráð á það, og vinna áfram í þágu félagsmanna af sömu heilindum og hann hafi hingað til gert.

JSJ fór á fund lögmanns SAF án samráðs við stjórn eða aðra í kjaranefnd og er það sameiginleg skoðun stjórnarmanna að það hafi verið misráðið. Þetta ætti að vera hlutverk viðræðunefndar kjaranefndar, sem er ekki enn búið að skipa. Samstarf innan kjaranefndar hefur verið erfitt undanfarið en enginn á þó að spila einleik í jafn mikilvægu máli og kjaraviðræðum milli Leiðsagnar og SAF. SP telur að engin nefnd eða nefndarmeðlimir geti verið með stefnumótandi vinnu án samráðs við stjórn. VÁ, sem hefur setið í kjaranefnd, ítrekar nauðsyn skýrari verkferla í starfi kjaranefndar og viðræðunefndar. Sú spurning vaknar hvort núverandi kjaranefnd hafi enn umboð. Skv. erindisbréfi kjaranefndar á trúnaðarráð að kjósa nýja kjaranefnd að afloknum aðalfundi og þarf að gera það sem fyrst.

Kl. 17:25 kemur JSJ inn á fundinn í gegnum fjarfundakerfið. SP spyr nánar út í ástæður úrsagnar hans og útskýrir hann að það hafi fokið í sig vegna tveggja athugasemda formanns, þ.e. annars vegar vegna orðalags í fundargerð og hins vegar vegna athugasemdar við fund hans með lögmanni SAF. Hvorugt hafi þó verið málefnalegur ágreiningur heldur fyrst og fremst orðalag sem hafi reitt hann til reiði. FR og JSJ hafi alltaf átt prýðileg og útskýrandi samtöl, og FR hrósar JSJ fyrir störf hans, einkum í starfshópi Ferðamálaráðuneytis, vinnu við skýrslu starfshópsins og upplýsingagjöf varðandi hana.

JSJ telur að viðloðandi hafi verið kýtingur meðal félagsmanna Leiðsagnar um að sumir leiðsögumenn hafi lakari menntun en aðrir. Umræða skapaðist um menntunarmálin og nauðsyn viðurkenndrar námsskrár leiðsögunámsins og aðkomu menntamálaráðuneytisins að því. SP varpaði fram þeirri spurningu hvort JSJ eigi hagsmuna að gæta sem kennari við einn þeirra skóla sem bjóða upp á leiðsögunám. JSJ svarar því neitandi og nefnir að enginn skólanna sem bjóði upp á leiðsögunám geti haldið því fram að námið sé í samræmi við Evrópustaðla og því sé út í hött að tala um viðurkennt nám í leiðsögn, engin ein

menntastofnun sé betri en önnur á þessu sviði. Skýrsla starfshóps Ferðamálaráðuneytis sýni fram á þetta en í henni er menntunin skilgreind út frá Evrópustöðlum. Misjafnt er hvort fundarfólk telur sig hafa orðið vart við væringar vegna menntunar og telur SP sig frekar hafa orðið vara við ótta vegna breytinga á innviðum Leiðsagnar sem geti hugsanlega gert löggildingu starfsins örðugri.

FR telur brýna nauðsyn að kynna skýrslu starfshóps Ferðamálaráðuneytis, en hún er ekki enn orðin opinbert gagn, fór frá ferðamálaráðuneyti til menntamálaráðuneytis til umfjöllunar og svo virðist sem skýrslan sé þar enn óafgreidd. Ekki verði komist lengra í þessari umræðu, enda er hún ekki á dagskrá fundarins, og er nú vikið aftur að hinu eiginlega fundarefni.

Leggur formaður til að gengið sé betur í takt innan stjórnar, skoðanaskipti séu nauðsynleg en það er skylda okkar gagnvart félaginu að samskipti séu góð og vönduð. Slæm samskipti hafi loðað við félagið, hjá fyrrverandi stjórnnum líka, og mikið hafi verið um úrsagnir á undanförunum árum. Hvetur formaður til gagnkvæmrar virðingar milli félagsmanna, stjórnarmanna og allra þeirra sem hafa á hendi trúnaðarstörf.

JSJ óskar eftir því að bréfi hans sé vísað til trúnaðarráðs eftir að stjórn hafi fjallað um það, en lögfræðingur ASÍ hefur þó úrskurðað að lokaniðurstaða í málinu sé í höndum stjórnar LS.

Kl. 17:45 hverfur JSJ af fundi og er erindi hans þá tekið formlega fyrir. Formaður leggur til að stjórn samþykki boð JSJ um að draga úrsögn sína til baka. SSJ og VÁ eru því samþykkt. SP er því ósamþykkt og HB er því einnig ósamþykkt og leggur fram svohljóðandi bókun: „Viðbrögð við nýlegri úrsögn stjórnarmanns standast engan samanburð við fyrri úrsagnir stjórnarmanna, bæði úr fyrrverandi stjórn og núverandi. Jafnvel má nefna til sögu úrsögn allra úr stjórn fagdeildar sem hlaut enga umfjöllun eða eftirmála. Ekki var gengið á eftir stjórnarmönnum að endurskoða ákvörðun sína og ekki var félagsmönnum tilkynnt um úrsagnirnar, sem hefði þó verið eðlilegt verkferli. Trúnaðarráð fjallaði heldur ekki sérstaklega um þær, líkt og nú er gert. Engin fordæmi eru fyrir því að úrsögn sé afturkölluð, og tel ég að í slíku verði að stíga varlega til jarðar svo úrsagnir verði ekki daglegt brauð og hótanir um slíkt jafnvel notaðar til að skapa þrýsting í deilumálum. Orð skulu standa.“ SP óskar eftir að undirrita bókunina líka. Meirihluta niðurstaða fundarins er sú að ósk JSJ um að koma aftur til trúnaðarstarfa í stjórn félagsins telst samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:55